



REGLUGERÐ

Um tímabundna leikheimild í meistaraflokki kvenna

1. gr.

Leikmanni í meistaraflokki kvenna er heimilt að fá tímabundna leikheimild til félags þrátt fyrir að vera gildandi leikmaður annars félags.

2. gr.

Til þess að leikheimild sé gefin út þá þurfa málsaðilar að vera samþykkir. Málsaðilar eru leikmaður, stjórn íshokkídeildar þess félags sem lánar hann (móðurfélag) og þess sem fær hann að láni (lántökufélag).

Framkvæmdastjóri ÍHÍ skal staðfesta samþykki málsaðila og greiðslu gjalds (5.gr) og öðlast þá samningurinn gildi og leikheimild gefin út. Tilkynna skal um útgefna leikheimild á heimasíðu ÍHÍ.

3. gr.

Tímabundna leikheimildin gildir einungis fyrir einn leik í einu og að hámarki þrjá leikmenn í hvert sinn. Skiptir engu hvort um markmann eða útileikmenn sé að ræða.

4. gr.

Framkvæmd tímabundinnar leikheimildar skal vera með eftirfarandi hætti:

1. Lántökufélag eða leikmaður skal senda með tölvupósti beiðni um tímabundin félagaskipti til allra aðila máls og ÍHÍ.
2. Tilgreina skal sérstaklega um hvaða leik sé að ræða, enda skal gera samning fyrir hvern leik sem spilaður er.
3. Í tölvupóstinum skal greina nafn leikmanns, nafn móðurfélags og lántökufélags.
4. Greina skal ástæðu fyrir beiðni um tímabundna leikheimild.

5. gr.

Lántökufélag greiðir til ÍHÍ kr. 5.000.- fyrir hvern leikmann sem fær tímabundna leikheimild fyrir hvern leik. Lántökufélag ber að öðru leiti fulla ábyrgð á hegðun leikmanns í leik eins og um sinn eigin leikmann sé að ræða.

6. gr.

Komi til ágreinings varðandi tímabundinnar leikheimildar skal framkvæmdastjóri úrskurða og ekki er hægt að áfrýja þeim úrskurði.

Samþykkt af stjórn ÍHÍ, 9. september 2021.